

Bekkjarnámskrá Íslenska – 7. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: María Ólög Sigurðardóttir

Tíma fjöldi: 6 kennslustundir á viku

Markmið

Hlutverk íslenskukennslu er margbrotin og er ein meginforsenda samskipta og miðlunar. Ritmálið er miðill sköpunar og birtir nýja þekkingu en bókmenntir eru menningararfur þjóðarinnar sem ber að rækta, virða, njóta og þróa. Kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða þjóðar og er lestur öflugt tæki til að afla sér þekkingar og er ein af nauðsynlegum forsendum til þátttöku í samfélagi. Kennslan hefur það hlutverk að efla tjáningu og sköpun bæði í töluðu máli og rituðu. Við lok grunnskóla á nemandi að geta nýtt íslenskuna sem tæki til náms, samskipta og þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Unnið verður með fjóra færnipætti íslensk máls:

- Talað mál, hlustun og áhorf
- Lestur og bókmenntir
- Ritun
- Málfræði

Námsefni

Lestur og bókmenntir og hlustun:

Þriðji smellur

Draugaslóð (Arfurinn)

Orðspor 3 lesbók og vinnubók

Skólavefurinn Lesskilningsæfingar Stuttar ritunaræfingar Efni frá kennara Valið efni af vef Upplestrarkeppninnar Heimalestrarbækur af bókasafni (nemendur velja sjálfir bók og vinna vikuleg verkefni) Ritun og málfræði: Málrækt (2 og) 3 Finnbjörg Málfræðiklukk og Málfræðimeistarinn (Skólavefurinn)
Kennsluaðferðir Útlistunarkennsla: innlög kennara, fyrirlestrar, spurningar, umræður og sýnikennsla. Þjálfunaræfingar: endurtekningaræfingar, vinnubókavinna, verkefnavinna, námsleikir og spil. Verklegar æfingar: gagnvirkur lestur, orðarýni og ritun. Umræðu- og spurnaraðferðir: umræður, spurningar, rökræður, samskipti, skiptast á skoðunum, ályktun, ritun. Þrautalausnir: námstækni, úrvinnsla gagnvirkis lesturs, samskipti, samvinna. Leitaraðferðir: upplýsingaöflun, heimildarvinna, úrvinnsla gagna, viðtöl. Hópvinnubrögð: hópavinna, paravinna, samvinna, verkaskipting, samskipti, vinnubrögð, upplýsingaöflun, skipulag.
Námsmat Leiðsagnarmat, frammistöðumat, bókmenntaritgerð, sjálfsmat

Hæfniviðmið – námsþættir

Talað mál, hlustun og áhorf

- Getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir undirstöðuatriðum góðrar framsagnar.
- Getur gert grein fyrir þekkingu sinni og reynslu og tjáð hugmyndir sínar og skoðanir frammi fyrir hópi.
- Getur hlustað og horft af athygli á fjölbreytt efni, beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það og greint frá aðalatriðum,
- Getur nýtt sér myndefni og stafrænt efni á gagnrýninn hátt og greint frá aðalatriðum þess.

Lestur og lesskilningur

- Getur lesið texta við hæfi á nákvæman og sjálfvirkan hátt og með tjáningu sem sýnir skilning á tilgangi og merkingu texta.
- Getur beitt lestraraðferðum sem hæfa tilgangi og viðfangsefni hverju sinni.
- Getur beitt fjölbreyttum orðaforða og fyrri þekkingu til að mynda samhengi og skilning í lestri og notað aðferðir til að ráða í Getur merkingu ókunnra orða og orðasambanda.
- Getur skilið, fjallað um og dregið saman efni ólíkra texta, dregið ályktanir af efninu, greint og lagt mat á merkingu þeirra og tilgang á gagnrýninn hátt.
- Getur valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta og miðlað áhuga sínum og skoðunum til annarra.

Bókmenntir

- Getur lesið ýmsar bókmenntir og unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt.
- Getur beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði við umfjöllun um fjölbreyttar bókmenntir.
- Getur lesið einfalda texta frá fyrri tímum og áttað sig á því að þeir mótist af sögulegu samhengi.
- Getur notað einföld bókmenntahugtök í umræðu og vinnu með innihald og einkenni ljóða frá ólíkum tímum.

- Getur miðlað texta í gegnum sjálfvirka og læsilega skrift og fyrirhafnarlausan innslátt á lyklaborð og gengið frá texta samkvæmt fyrirmælum.
- Getur skrifað texta þar sem málsgreinar eru fjölbreyttar og texta er skipt upp í efnisgreinar.
- Getur skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir tilefni, viðtakendum og birtingarformi.
- Getur tjáð hugmyndir sínar, reynslu og sköpun í texta, metið, mótað og endurskrifað með hliðsjón af hjálpargögnum.
- Getur beitt algengum atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.

Mál og málnotkun

- Getur beitt málfræðipekkingu sinni í umræðu um ýmis einkenni málsins og málnotkun sína.
- Getur notað góðan orðaforða í ræðu og riti og nýtt sér fjölbreytt málsnið við orðmyndun, tal og ritun.
- Getur nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta.
- Getur áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.
- Getur notað algeng orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta.
- Getur nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um tungumál.

Bekkjarnámskrá Stærðfræði – 7. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Sindri Kristinn Ólafsson

Tíma fjöldi: 6 kennslustundir á viku

Markmið

Hlutverk stærðfræðinnar er að finna, skapa, tjá og útskýra hvers kyns regluleika, lögmál, kerfi og mynstur. Stærðfræðin er ein af mikilvægum leiðum mannsins til að skapa merkingu og skilja náttúru og samfélög. Nemendur eiga að geta nýtt stærðfræðina sem tæki til að ná meiri stjórn á aðstæðum sínum og auka getu sína til aðgerða. Nemendur eiga að öðlast alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem verkfæri til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra. Nemandi á að geta fært rök fyrir niðurstöðu og beita gagnrýnni hugsun um réttmæti hennar.

Námsefni

Stika 3A Nemendabók, æfingahefti og vinnuhefti

Stika 3B Nemendabók, æfingahefti og vinnuhefti

Vasareiknir, 3.-5. hefti

Kennsluhættir

Innlögn/Glósur/Myndbönd

Æfingatímar

Tilraunir

Verkefni

Námsmat

Einstaklings- og hópverkefni, lotupróf.

Hæfniviðmið – námsþættir

Vinnulag stærðfræðinnar

- Getur nýtt sér verkfæri og hlutbundin gögn til að rannsaka og finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- Getur tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína fyrir öðrum og spurt spurninga til að leita lausna.
- Getur notað rétt heiti yfir stærðfræðitákn, nýtt þau af nákvæmni við útreikninga og yfirfært milli táknmáls og daglegs máls.
- Getur þróað hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning með ræðum tölum.
- Getur metið hvort sönnun eða einföld rök byggð á stærðfræðilegum eiginleikum eru gild.
- Getur leyst þrautir og rökstutt svör.
- Getur unnið skipulega, einn og í samvinnu, að því að finna lausnir á stærðfræðilegum viðfangsefnum með því að kanna, rannsaka, greina og meta.
- Getur undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.
- Getur notað forritun til að rannsaka gögn í töflum.

Tölur og reikningur

- Getur raðað ræðum tölum eftir stærð og útskýrt tengsl þeirra við heiltölur.
- Getur nýtt sér námundun við útreikninga með heiltölum og tugabrotum.
- Getur notað tugakerfisrithátt og sýnt skilning á sætiskerfi við ritun tugabrota.
- Getur nýtt sér grunnreikniaðgerðirnar fjórar og reiknað með ræðum tölum.
- Getur sett hlutfall fram sem almennt brot, tugabrot og prósentu og beitt þeim við rauntengd viðfangsefni.
- Getur nýtt sér reiknireglur, tengsl reikniaðgerðanna og forgangsroð aðgerða við útreikninga.

- Getur nýtt stærðfræði til að takast á við verkefni er tengjast helstu hugtökum persónulegra fjármála og haldið utan um eigin fjármál.

Algebra

- Getur kannað og búið til rúmfræðileg mynstur og nýtt sér táknmál algebrunnar til að vinna með þau.
- Getur teiknað og staðsett punkta í hnitakerfi og notað hnit til að teikna flatarmyndir.
- Getur rannsakað og sett fram talnarunur og lýst þeim með myndum, orðum og fallstærðum.
- Getur notað bókstafi til að tákna óþekktar stærðir og reiknað með þeim.
- Getur fundið lausnir á jöfnum með því að nota algengar reiknireglur.

Rúmfræði og mælingar

- Getur hliðrað, speglað eða snúið flatarmyndum, til dæmis við rannsóknir á mynstrum.
- Getur rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir og notað til þess mælikvarða og einslögun.
- Getur áætlað, mælt og reiknað hornastærðir, ummál og flatarmál marghyrninga og gráður í hringgeira.
- Getur notað hugtök rúmfræðinnar til að lýsa eiginleikum hversdagslegra og fræðilegra fyrirbrigða.
- Getur rannsakað, gert tilraunir og teikningar með því að nota rúmfræðiforrit og hlutbundin gögn.
- Getur beitt jafngildi milli ólíkra tímaeininga til að ákvarða liðinn tíma af nákvæmni.
- Getur beitt tengslum á milli lengdar-, flatar-, rúmmáls-, tíma- og massaeininga metrakerfisins innbyrðis.
- Getur áætlað og mælt massa, lengd, rúmmál, hraða, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum.
- Getur áætlað og reiknað rúmmál og yfirborðs-flatarmál þrístrendings, réttstrendings og píramída.

Tölfræði og líkindi

- Getur safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau með fjölbreyttum hætti.
- Getur gert einfaldar tölfræði-kannanir og framkvæmt einfalda tölfræði-útreikninga.
- Getur lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum.
- Getur dregið ályktanir um líkur út frá eigin tilraunum og borið saman við fræðilegar líkur.
- Getur reiknað út líkur í einföldum tilvikum.

Bekkjarnámskrá Náttúrugreinar – 7. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Heiðrún Þórðardóttir

Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku

Markmið – hvað ætlum við að læra?

Undir náttúrugreinar heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðfræði, lífvísindi og umhverfismennt. Námið fléttar saman efnisþætti þessara náttúrugreina sem stuðlar að því að nemendur skynji að þeir eru hluti af náttúrunni. Hlutverk og tilgangur náttúrufræðigreina er að gera nemendur læsa á umhverfið, tækni og vísindi. Nemendur eiga að geta fjalla um og útskýrt tækninýjungar og vísindauppgötvanir. Í framhaldi geta tengt þekkingu og beitt réttum vinnubrögðum við lausn verkefna. Nemendur eiga að geta útskýrt hugsanleg áhrif nýjustu tækni og vísinda á atvinnuhætti og mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru. Mikilvægt er að nemendur öðlist hæfni og leikni í að umgangast og njóta náttúrunnar, sem og meðvitund um ábyrgð mannsins á umhverfi sínu. Þannig skynja þeir að umhverfi, velferð, efnahagur og samfélag er órofin heild.

Námsefni

Náttúrulega 3 Nemendabók

Náttúrulega 3 Verkefnabók

Halló heimur 3

Valið efni af Veraldarvefnum

Myndbönd

Kennsluhættir

Innlögn kennara, verkefni, hópa- og einstaklingsvinna, vettvangsferðir, tilraunir, skýrslur og sýnikennsla, próf, valið efni af veraldarvefnum.

Námsmat

Hópverkefni, leiðsagnarmat, sjálfsmat

Hæfniviðmið

Vinnulag náttúruvísinda

Að nemandi geti

- Getur beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúruvísindum við athuganir, í umræðu og textaskrifum.
- Getur lesið náttúruvísindatexta sér til gagns og endursagt með eigin orðum, túlkað myndrit og skoðað myndefni um náttúru-fræði, umorðað og nýtt til útskýringa.
- Getur framkvæmt, skráð og safnað upplýsingum út frá einföldum athugunum og mælingum úti og inni samkvæmt fyrirmælum.
- Getur kynnt niðurstöður rannsókna, útskýrt hvaða vinnubrögðum var beitt og tekið þátt í umræðum um efnið.
- Getur þekkt ferli vísindalegra vinnubragða og unnið eftir þeim í stýrðum verkefnum.
- Getur rætt muninn á staðreynd og skoðun, tilgátu og kenningu í tengslum við náttúruvísindi.
- Getur rætt valin dæmi um samspil tækni, þekkingar og framfara og hvernig hugmyndir manna um heiminn hafa breyst með aukinni þekkingu.

Umhverfið

- Getur lýst samspili lífvera og lífvana þátta.
- Getur lýst mismunandi vistkerfum og nefnt dæmi um áhrif sem nýjar tegundir geta haft á umhverfi sitt.
- Getur áttað sig á gildi líffræðilegrar fjölbreytni og tengslum við velferð manna og dýra.

- Getur rætt um og skilið ástæður náttúruverndar.
- Getur lýst helstu sérkennum veðurfars við Ísland.
- Getur útskýrt gróðurhúsaáhrif og tengsl við loftslags-breytingar.
- Getur áttað sig á mikilvægi þess að nýta náttúruauðlindir án þess að ganga um of á þær.
- Getur rætt valin dæmi um tengsl einstaklinga, nær-umhverfis og umhverfis-mála á heimsvísu.
- Getur skipulagt og tekið þátt í aðgerðum er varða náttúruvernd og umhverfismál í nærumhverfi sínu.

Lífið

- Getur lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi.
- Getur útskýrt helstu einkenni og lífsskilyrði lífvera og tekið dæmi um tengsl þeirra innbyrðis.
- Getur nefnt dæmi um gagn og skaðsemi örvera.
- Getur áttað sig á að frumur eru grunneining lífs á jörðinni.
- Getur nefnt dæmi um náttúruval og aðlögun.
- Getur skilið að lífverur erfa einkenni forfeðra sinna.
- Getur sagt frá hvernig plöntur nýta ljóstillífun til að afla næringar.
- Getur sagt frá rotverum og hvernig sveppir afla næringar.
- Getur sagt frá einkennum helstu hópa dýra.
- Getur lýst helstu líffærakerfum mannslíkamans og starf- semi þeirra í grófum dráttum.
- Getur lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna.
- Getur rætt hvernig einstaklingur getur stuðlað að líkamlegu og andlegu heilbrigði.

Efnin

- Getur útskýrt að allt er búið til úr frumeindum og sameindum.
- Getur nefnt dæmi um varð-veislu massa og tengt við hversdagslega atburði.
- Getur notað algeng efnatákn í umfjöllun um lotukerfið og efni í umhverfi sínu.
- Getur þekkt algengar formúlur efnasambanda sem birtast í daglegu lífi.
- Getur gert grein fyrir efnabreytingum og hamskiptum og útskýrt með dæmum.
- Getur fjallað um hugtakið leysni og tengt við athafnir í daglegu lífi.
- Getur þekkt muninn á sýru og basa.

Orkan

- Getur lýst helstu orkuformum og lýst einföldum dæmum um varðveislu orkunnar.
- Getur rætt dæmi um framleiðslu og nýtingu á orku í daglegu lífi.
- Getur sýnt skilning á hugtökunum varmi og hitastig og tengt þau við daglegt líf.
- Getur lýst eiginleikum segla og notkun þeirra og kannað eiginleika rafhlaðinna hluta.
- Getur framkvæmt einfaldar athuganir á rafrásam og útskýrt hvernig rafmagn verður til.
- Getur lýst eiginleikum hljóðs og ljóss og ýmsum fyrirbærum með tilliti til hljóðs og lita.
- Getur rætt um gagnsemi og hættur við helstu bylgjur í nærumhverfinu.
- Getur þekkt og fjallað um hreyfingu og einfaldar tegundir krafta,
- Getur áttað sig á muninum á massa og rúmmáli og helstu mælieiningum þessara eiginleika.

Alheimurinn

- Getur útskýrt árstíðirnar og dægraskipti út frá stöðu jarðar í sólkerfinu.

- Getur lýst hvernig náttúruöfl hafa áhrif á myndun og mótn lands.
- Getur lýst helstu sérkennum náttúruhamfara sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð.
- Getur lýst gangi tunglsins um jörðina.
- Getur gert grein fyrir uppbyggingu sólkerfisins.
- Getur gert grein fyrir staðsetningu jarðarinnar í vetrarbrautinni.

Bekkjarnámskrá Samfélagsgreinar – 7. bekkur

Skólaárið 2025-2026



Kennari: Ástþór Óðinn Ólafsson og María Ó. Sigurðardóttir

Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku

Markmið

Samfélagsgreinar eru þær greinar sem fjalla um manninn, samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýnninn hátt. Samfélagsgreinar ná yfir fjölbættar námsgreinar eins og sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni og heimspeki ásamt siðfræði.

Hlutverk samfélagsgreina er að gera nemandann læsan á samfélög, menningu og umhverfi. Nemandinn á að auka þekkingu og skilning sinn á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum til menningar, sögu umhverfis og auðlinda. Þeim er ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál á grunni málefnaeugar umræðu og láta afstöðu sína mótast af réttisýni og rökum.

Kennsla í samfélagsgreinum á að miða að því að undirbúa nemanda með að auðvelda honum að fóta sig í mannlegu samfélagi og búa hann undir frekara nám og starf. Nemendur fá leiðsögn í lýðræðislegum vinnubrögðum og lögð er áhersla á að kynna þeim fyrir gildum samfélagsins eins og lýðræði, jafnrétti, virðingu, ábyrgð og skyldum.

Markmið samfélagsgreina er að nemendur tileinki sér fróðleik um sitt eigið samfélag og önnur. Þeir geti jafnframt beint þekkingu sinni í umræðum, lagt mat á réttmæti upplýsinga með gagnrýnni hugsun og í framhaldi tileinki sér gildismat og ábyrgð.

Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi

Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum og er unnin upp úr skýrslu UNESCO, International technical guidance on sexuality education. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast. Áherslur 7.

bekkjar eru jafnrétti kynjanna, rómantísk sambönd, kynferðislegt ofbeldi, mörkin okkar, umburðarlyndi og virðing, örugg notkun upplýsinga og kynbundið ofbeldi.

Unicef

- Haustönn vinnum við verkefnið *Bekkjarsáttamáli*
- Á vorönn vinnum við verkefnið. *Allir eru góðir í einhverju*

Námsefni

Námsefni

Evrópa, les- og vinnubók

Landakort handa grunnskólanemendum

Sjálfíð mitt: Markmið og persónuleikaeinkenni

Hindúatrú - Guð í mörgum myndum

Evrópa – les- og vinnubók

Halló heimur 3

Sögueyjan

Frá Róm til Þingvalla

Ég og samfélagið

Trúarbragðahefti

Barnasáttmálinn

Valið efni af Veraldarvefnum

Kennsluhættir

Innlögn kennara, lestur/hlustun, umræður, námsleikir, verkefni, einstaklings- og hópavinna, próf, foreldrakynning.

Námsmat

Leiðsagnarmat, frammistöðumat, sjálfsmat.

Hæfniviðmið – námsþættir

Vinnulag samfélagsgreina

- Getur útskýrt og notað mikilvæg hugtök samfélagsgreina.
- Getur aflað sér upplýsinga um samfélagsleg málefni úr textum, hljóð- og myndefni, umorðað og nýtt til umfjöllunar.
- Getur metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum úr heimildum á ólíku formi og myndað sér eigin skoðanir.
- Getur spurt opinna spurninga og tekið þátt í umræðu um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga.
- Getur sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.
- Getur miðlað þekkingu, leikni og skoðunum á samfélagslegum mál-efnum á fjölbreyttan hátt.
- Getur tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.

Sjálfsmynd

- Getur lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á eigin sjálfsmynd, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu.
- Getur rætt um heilbrigða lífshætti og samskipti og ræktað mikilvægar þarfir.
- Getur lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun
- Getur lýst með dæmum mikilvægi jákvæðra lífsviðhorfa, hugarfars og seiglu fyrir eigin þroska.
- Getur gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og hvernig hægt er að vinna með þá þætti á uppbyggilegan hátt.
- Getur sýnt virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sett sér mörk í samskiptum og lýst því hvernig það er hægt.
- Getur lýst staðalmyndum og fordómum í samfélaginu og áhrifum þeirra og áttað sig á skaðsemi þeirra.
- Getur beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og áttað sig á fjölbreytni hinseginleikans.

- Getur gert grein fyrir útgjöldum vegna þarfa, langana og hegðunar einstaklinga og mikilvægi fyrirhyggju í fjármálum.

Siðferði og trú

- Getur dregið fram ólíkan bakgrunn fólks og virt mismunandi trú, lífsgildi, skoðanir og siði.
- Getur rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs.
- Getur gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims.
- Getur borið saman valin trúarbrögð og lífsviðhorf og áhrif þeirra á líf fólks.

Borgaravitund

- Getur rætt reglur í samskiptum fólks og tilgang þeirra og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.
- Getur rætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur og mikilvægi mannréttinda og jafnréttis í samfélaginu og á heimsvísu og þekki vel til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Getur fjallað um ólíkar samfélagsgerðir og hvernig þær tengjast lífi einstaklinga.
- Getur lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta hér á landi.
- Getur gert grein fyrir hlutverki mikilvægra stofnana samfélagsins.
- Getur gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd þeirra í samfélaginu.
- Getur áttað sig á hvernig og hvers vegna kostnaður við ýmsa grunnþjónustu er greiddur af sameiginlegum sjóðum samfélagsins.
- Getur séð gildi slysavarna og þekkt viðbrögð við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni.
- Getur gert grein fyrir umferðarreglum og helstu umferðarmerkjum og nýtt í daglegu lífi.
- Getur sett sig inn í málefni samfélagsins, áttað sig á möguleikum til áhrifa og sýnt það í verki með ábyrgum hætti.

Saga

- Getur metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð.
- Getur gert sér grein fyrir fjölbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra á ólíkum tímum.

- Getur greint samhengi umhverfis, sögu, menningar og mannlífs í heimabyggð og tengsl við önnur landsvæði.
- Getur fjallað um einkenni og þróun íslensks samfélags.
- Getur fjallað um og greint persónur, atburði, tímabil, tildrög og gang sögunnar.
- Getur áttað sig á að sagan hefur mótask af ýmsum þáttum, svo sem umhverfi, atferli, lífsviðhorfum, samfélagsskipulagi og atvinnuháttum.
- Getur útskýrt með dæmum hvernig sögulegir atburðir hafa áhrif á samfélög og líf fólks í samtímanum.

Jörðin okkar

- Getur notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga og vinna úr þeim og sett upp einföld kort.
- Getur varpað ljósi á ólíkar aðstæður, menningu og líf fólks á jörðinni.
- Getur skýrt hvernig notkun mannsins á auðlindum getur haft margvísleg áhrif á lífsgæði og lífbreytileika.
- Getur lýst í grófum dráttum ferli daglegra neysluvara, uppruna þeirra, flutningi, sölu, nýtingu, förgun, endurvinnslu og kolefnisspori.
- Getur skýrt með dæmum áhrif tækni og mannlegra athafna á samfélag, loftslag og umhverfi.
- Getur fjallað um hvað sjálfbær þróun felur í sér.
- Getur skýrt með dæmum mikilvægi náttúruverndar og þess að allir leggi sitt af mörkum.

Bekkjarnámskrá Skólaíþróttir – 7. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Birna Björk Þorkelsdóttir og Sindri Kristinn Ólafsson

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku

Markmið

Markmið er að halda áfram að örva hreyfifroska nemenda og efla afkastagetu þeirra. Efla félagsþroska nemenda í formi leikja og samvinnu. Kenna þeim ábyrgð á eigin heilsu með því að tileinka sér markvissa ástundun, íþróttar eða líkamns og heilsurækt.

Námsefni

Öll almenn áhöld íþróttahúsa

Kennsluhættir

Námið fer að miklu leyti fram með þrek og styrktaræfingum, þar sem nemendur læra að efla þol og styrk með einföldum en árangursríkum hætti. Auk þess er lögð áhersla á grunnatriðið í flestum íþróttagreinum sem og stöðvarþjálfun og útihlaup.

Námsmat

Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun eru matsþættir sem íþróttakennari metur jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemandi fær einkunn sem er síðan reiknuð út úr matsþáttum.

Hæfniviðmið – námsþættir

Líkamsvitund, færni og afkastageta

- Getur gert æfingar sem reyna á loftháð þol í íþróttum.
- Getur gert æfingar með eigin líkamsþyngd sem reyna á styrk og stöðugleika.
- Getur gert æfingar sem reyna á liðleika og hreyfigetu.
- Getur sýnt útfærslu hreyfinga þannig að þær renni vel saman.

- Getur gert einfaldar rytmískar æfingar og fylgt takti.
- Getur tekið þátt í mismunandi hópíþróttagreinum.
- Getur tekið þátt í einstaklingsíþróttum.
- Getur nýtt sér stöðluð próf í íþróttum til að meta eigið þrek og hreysti.

Félagslegir þættir

- Getur skilið mikilvægi jákvæðra samskipta.
- Getur skilið mikilvægi stundvísi, aga og sjálfstæðra vinnubragða í tengslum við góðan árangur.
- Getur þekkt helstu leikreglur í leikjum, hóp- og einstaklingsíþróttum.
- Getur farið eftir leikreglum og sýnt háttvísi í leik.

Heilsa og heilsuefning

- Getur sett sér langtímamarkmið í íþróttum.
- Getur valið viðeigandi fatnaðar og mikilvægan búnað til útivistar og nýtt hann
- Getur skipulagt að einhverju leyti útivist í fjölbreyttu landslagi, tekið þátt, fylgt áætlunum og varast hættur sem fylgt geta.
- Getur sýnt almenna þekkingu á heilsueflandi líferni.
- Getur tekið þátt í alhliða heilsurækt sem er í boði utan skóla.
- Getur tekið þátt og sýnt virkni í leikjum.
- Getur tengt hlutverk taugakerfis, hjarta, blóðrásar og lungna við líkamlega áreynslu.
- Getur sett sér langtímamarkmið í heilsurækt.
- Getur nýtt sér niðurstöður úr stöðluðum prófum til að vinna að eflingu hreyfingar.
- Getur notað mælingar til að leggja mat á lipurð og samhæfingu.

Öryggi og hreinlæti

- Getur gert sér grein fyrir mikilvægi helstu öryggis- og umgengnisreglna og brugðist við óhöppum.
- Getur skilið mikilvægi eigin ábyrgðar á hreinlæti og heilbrigði við alla íþróttaiðkun.
- Getur framkvæmt grunnatriði skyndihjálp.

Bekkjarnámskrá Sund – 7. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Hjörtur Fjeldsted og Birna B. Þorkelsdóttir

Tíma fjöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið

Læra allar helstu sundaðferðir og geti notað þær til líkamsræktar og ánægju.

Námsefni

Öll helstu áhöld sundlauga, sundfit, kork, kútar og fleira.

Kennsluhættir

Kennari leggur fyrir verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu. Nemendur æfa sig í að synda langsund til að efla þol. Æfingar sem gerðar eru á sundstigsprófum eru æfðar yfir veturinn með endurteknum æfingum.

Námsmat

Frammistöðumat: Virkni nemenda í tímum skráð til bókar.

Verklegt próf, nemendur taka sundpróf og ljúka 7. sundstigi.

Hæfniviðmið – námsþættir

- Getur beitt fjölbreyttum sundaðferðum.
- Getur eflt eigin heilsu í vatni.
- Getur gert æfingar sem reyna á loftfirrt þol í 12 metra sundi.
- Getur sýnt leikni og synt 25 metra bringusund viðstöðulaust.
- Getur sýnt leikni og synt 25 metra baksund viðstöðulaust.

- Getur sýnt leikni og synt 25 metra skriðsund viðstöðulaust.
- Getur sýnt leikni og synt 8 metra kafsund viðstöðulaust.
- Getur synt björgunarsund með jafningja að lágmarki 12 metra.
- Getur troðið marvaða í hálfa mínútu.
- Getur gert æfingar sem reyna á loftháð þol í 300 metra sundi.

Bekkjarnámskrá Enska – 7. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Sindri K. Ólafsson og María Ó. Sigurðardóttir

Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku

Markmið

Megintilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist þekkingu, hæfni og kunnáttu til að tjá sig á öðru tungumáli í ræðu og riti. Samvinna og samstarf Íslendinga hefur aukist við aðrar þjóðir og hefur enskan orðið að alþjóðlegu samskiptamáli bæði í atvinnulífi og frístundum. Með auknum kröfum viðskipta- og atvinnulífs við að koma íslenskum þekkingariðnaði, sjónarmiðum eða hagsmunum á framfæri hefur orðið ákall um faglega menntun í ensku en hún gegnir lykilhlutverki í alþjóðasamskiptum. Tilgangur kennslunnar er að nemendur geti tileinka sér faglegan orðaforða, skilning á málfræði og setningagerð en kennslan á að gera þeim kleift að geta aflað sér frekari menntunar bæði hérlandis og erlendis.

Námsefni

Yes, we can 7: Lesbók, verkefnabók og spil

Kjörbók og greinar

Málfræðiæfingar

Valið efni á Veraldarvefnum

Kennsluaðferðir:

Innlögn, hlustun, samlestur, samræður, spil, ritun, tjáning o.fl.

Námsmat

Leiðsagnarmat

Frammistöðumat

Sjálfsmat

Hæfniviðmið – námsþættir

Hlustun og áhorf

- Getur skilið talað mál og frásagnir um efni tengt námi hans og daglegu lífi, brugðist við þeim og nýtt sér í námi sínu.
- Getur fylgt þræði í efni við hæfi á margvíslegum miðlum og nýtt í námi sínu.
- Getur hlustað eftir aðalatriðum, greint þau og nýtt sér í námi sínu.

Lestur og lesskilningur

- Getur fundið lykilupplýsingar í texta og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Getur skilið megininntak rauntexa og unnið úr efni þeirra.
- Getur lesið sér til gagns og ánægju einfaldar smásögur og skáldsögur og unnið með efni þeirra.
- Getur lesið og skilið auðlesið efni og hugtök tengt öðrum námsgreinum.
- Getur lesið og skilið texta við hæfi sem innihalda algengan orðaforða.
- Getur tekið þátt í óformlegu samtali um áhugamál sín og daglegt líf.
- Getur bjargað sér við algengar aðstæður og notað almennar kurteisis- og samskiptavenjur.
- Getur notað málið til samskipta í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.

Frásögn

- Getur tjáð sig um reynslu sína og skoðanir og brugðist við einföldum spurningum.
- Getur undirbúið og flutt frásögn eða kynningu og brugðist við einföldum spurningum.
- Getur flutt tilbúið eða frumsamið efni, einn eða í félagi við aðra.

- Getur beitt málinu með nokkuð eðlilegum framburði og áherslum.

Ritun

- Getur skrifað texta af mismunandi gerðum með inntak og lesanda í huga.
- Getur beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt og skapað samhengi í texta.
- Getur skrifað einfalda texta um það sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.
- Getur lýst atburðarás eða reynslu með orðaforða sem unnið hefur verið með.
- Getur samið einfalda texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín.

Menningarläsi

- Getur sýnt að hann þekkir til ýmissa þátta sem einkenna menningu og daglegt líf.
- Getur sett sig í spor fólks á viðkomandi málsvæði og gert sér grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt með hans eigin aðstæðum.
- Getur sýnt að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.

Bekkjarnámskrá Danska – 7. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Jón Berg Reynisson

Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku

Markmið

„Megintilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Námið á að leiða til þess að nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli af ólíkum toga og hæfni til að meta og hagnýta sér þá þekkingu sem aflað er. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum. Í tungumálanámi eiga nemendur að öðlast leikni í að beita málinu hnökralítið í frásögnum og samskiptum, þannig að það hæfi tilgangi, aðstæðum og viðtakanda hverju sinni. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota málið á skapandi hátt í ræðu og riti.” (*Aðalnámskrá grunnskóla 2013, bls.124*).

Námsefni

Start - nemendabók auk vinnubókar.

Málfræði verkefni (tekin úr mismunandi áttum)

Orðabækur.

Margmiðlunarefni (Þættir, kvikmyndir og annað)

Aukaefni frá kennara (Mikil áhersla lögð á sagnir, lýsingarorð og nafnorð)

Kennsluaðferðir

Innlagnir frá kennara, Nemenda- og vinnubækur auk gagnvirkra æfinga.

Umræður, glósur (frjálst val nemenda með glósu tungumál) og valið upplestrarefni.

Hlustunaræfingar og munnlegt mat.

Einstaklings-, para- og hópaverkefni í raunskilum auk skila gegnum Teams.

Kennsla fer fram á bæði íslensku, ensku og dönsku

Námsmat

Leiðsagnarmat á meðan námi stendur þar sem kennari veitir nemendum endurgjöf sem vísar veginn, ýtir undir trú nemandans á eigin getu og sjálfstrausts í námi. Leiðsagnarmat byggist á samræðum milli kennara og nemenda um árangur, framvindu og markmið og krefst því virkrar þátttöku nemenda. Með leiðsagnarmatinu læra nemendur að taka ábyrgð á eigin námi og hvernig þeir bregðast við endurgjöf.

Undir námsmatið flokkast m.a. kannanir, verkefnavinna, sjálfsmat, jafningjamat, umræður og fleira

Hæfniviðmið - Við lok 1. stigs

Hlustun og áhorf

- Getur skilið algeng orð, einföld fyrirmæli og frásagnir og brugðist við þeim
- Getur fylgt meginþræði í einföldu efni sem höfðar til barna og unglinga
- Getur hlustað eftir einföldum upplýsingum og nýtt sér í námi sínu

Lestur og lesskilningur

- Getur fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu
- Getur lesið og skilið stutta texta

Samskipti

- Getur spurt og svarað á einfaldan hátt
- Getur tekið þátt í einföldum samræðum í skólastofunni.

Frásögn

- Getur tjáð sig á einfaldan hátt
- Getur undirbúið og flutt einfalda frásögn um efni sem hann þekkir vel
- Getur flutt einfalt atriði sem hann hefur haft tækifæri til að æfa

Ritun

- Getur skrifað einfaldan texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við
- Getur byggt upp einfaldar setningar og stafsett algeng orð
- Getur skrifað einfalda texta

Menningarläsi

- sýnt að hann þekkir til ýmissa menningarsvæða
- gert sér grein fyrir tilvist mismunandi málsvæða
- sýnt að hann áttar sig á að orð í erlenda tungumálinu eru lík orðum sem hann þekkir.

Bekkjarnámskrá Upplýsinga- og tæknimennt – 7. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Jovana Dedeic

Tíma fjöldi: 2 kennslustund á viku

Markmið

- Getur nýtt upplýsingaver sér til gagns og aðstoðar í verkefnavinnu, við nám og sér til ánægju,
- Getur sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og fara eftir reglum um netnotkun,
- Getur nýtt sér hugbúnað/forrit við ritunarverkefni, við myndvinnslu og til að miðla þekkingu,
- Getur nýtt sér forritun á ýmsan hátt,
- Getur beitt réttri fingrasetningu,

Námsefni

Ritvinnsla, glærugerð, forritun og veraldarvefurinn

Kennsluhættir

Innlögn frá kennara

Sjálfstæð vinna

Paravinna

Námsmat

Mat á verkefnum í ritvinnslu, glærugerð, forritun og fingrafimi

Hæfniviðmið – námsþættir

Upplýsinga- og miðlalæsi

- Getur lagt mat á gæði ýmissa upplýsinga og áttað sig á fjölbreytileika stafræns efnis
- Getur nýtt leitarvélar, gervigreind og önnur verkfæri á siðferðilega ábyrgan hátt til upplýsingaöflunar
- Getur unnið með heimildir í samræmi við höfundarrétt og sett fram einfalda heimildaskrá

Sköpun og miðlun

- Getur nýtt hugbúnað við gerð margvíslegra kynninga
- Getur nýtt hugbúnað við uppsetningu ritunarverkefna samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang
- Getur nýtt hugbúnað við gagnasöfnun og framsetningu á tölulegum gögnum
- Getur nýtt hugbúnað við netmiðlun

Stafræn borgaravitund

- Getur hugað að eigin heilsu og vellíðan við notkun stafrænnar tækni og gert sér grein fyrir mikilvægi jafnvægis í skjátíma
- Getur gert sér grein fyrir mikilvægi þess að vernda persónuupplýsingar og friðhelgi einkalífs í stafrænu umhverfi og áttað sig á hverjum sé hagur af því að safna stafrænum upplýsingum
- Getur rætt og útskýrt að öll netnotkun einstaklinga skilur eftir sig spor í stafrænu umhverfi til langframa
- Getur gert sér grein fyrir helstu hættum í stafrænu umhverfi og þekkt vel ólíkar leiðir til að tilkynna ólöglegt og vafasamt efni á netinu og að samfélagsmiðlar hafa áhrif á samskipti
- Getur nefnt helstu netöryggis- og samskiptareglur og tekið ábyrgð á eigin nethegðun og beitt leiðum til að vernda sig og aðra fyrir neteinelti

Launsaleit

- Getur nýtt stafrænan stuðning í námi
- Getur flokkað og vistað gögn á öruggan hátt
- Getur nýtt hugbúnað og tæki á fjölbreyttan hátt og til að leysa fjölbreyttar þrautir. Hafa fengið kynningu á grunnhugtökum í forritun.

Bekkjarnámskrá Nýsköpun og tæknimennt – 7. bekkur
Skólaárið 2024- 2025



Kennari: Drífa Hjördís Thorstensen

Tíma fjöldi: 2 kennslustund á viku (16-17 skipti yfir skólaárið)

Markmið

Viðfangsefni:

- Vísindi - Hvernig virka hlutirnir? (Hreyfiorka, kraftalögmál, rafeindafræði)
- Tækni - Forritun, vélmenni, 3D
- Verkfræði - Setja saman eftir leiðbeiningum (vísindalæsi)
- Hugvit/Hönnun- Frá endurvinnslu til nýsköpunar

Námsefni

Fjölbreytt

Kennsluaðferðir

Þekkingaröflun og hugmyndavinna snýr að undirbúningsvinnu og tækniþjálfun. Nemendur viðá að sér upplýsingum og efni, kanna, rannsaka, prófa, ímynda sér, læra tækni, forma, taka áhættu sem skerpir eigið þor og traust bæði til viðfangsefnisins og eigin hugmynda.

Framkvæmd felur í sér að nemendur beita aðferðum þar sem þeir umbreyta, túlka, flytja, sýna, prófa, forma og framleiða.

Greining felur í sér að nemendur dýpka skilning sinn og upplifun með umræðu, tjáningu og mati. **Samhengi** felur í sér að setja ferlið í sögulegt, menningarlegt, persónulegt og félagslegt samhengi.

Frumkvæði, sköpun, nýsköpun, tækni, hugmyndir og hugvit:

- þarfaleit
- teiknivinna
- 3D hönnunarverkefni
- líkanasmíði

- fumgerðasmíði
- rafrásir
- forritun
- Uppvinnsla

Æfing - Hugmynd - Hönnun - Framkvæmd

Námsmat

- Þátttaka í tímum
- Nemendur vinna verkefni sem þeir ýmist fá að taka með sér heim og eða vinna á staðnum
- Hæfniviðmið

Hæfniviðmið – námsþættir

Sköpun, hönnun og tækni

- Getur hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virkniþættir eru að verki í ýmsum hlutum.
- Getur nýtt hugbúnað við hönnun tvíviðra og þríviðra forma.
- Getur nýtt sér örtölvur til að stýra einföldum aðgerðum.
- Getur gert grein fyrir hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til.
- Getur gert við og endurnýtt eldri hluti og lengt þannig líftíma þeirra.

Sköpun og miðlun

- Getur nýtt tæki og hugbúnað við ljósmyndun og stuttmyndagerð.
- Getur nýtt tæki og hugbúnað við einfalda hönnun, myndvinnslu og myndsköpun.
- Getur nýtt tæki og hugbúnað við upptökur og einfalda hljóðvinnslu.

Lausnaleit

- Getur nýtt hugbúnað og tæki á fjölbreyttan hátt og til að leysa fjölbreyttar þrautir. Hafa fengið kynningu á grunnhugtökum í forritun.

Bekkjarnámskrá Tónmennt – 7. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Rasa Vareikiene

Tíma fjöldi: 1 tími á viku

Markmið

Að geta gert grein fyrir nokkrum frumþáttum tónlistar (td. blæ, hrynn, og hljóðstyrk). Gert grein fyrir og þekkt strengja-, tréblásturs- og málmblásturshljóðfæri og algeng hrynnhljóðfæri. Að nota söngroddina á virkan hátt til að túlka mismunandi stíltegundir í söng.

Að geta leikið létt hrynnstef á orf hljóðfæri (hristur, stafi, trommur og þríhorn). Tónlistarforrit fyrir Ipad. Að geta spilað á ukulele. Að halda takti og einbeitingu. Að þekkja hugtökin: forspil, eftirspil, undirspil, erindi og viðlag. Að þekkja muninn á dúr og moll. Að læra um sveitatónlist – kántri, blús, rokk og ról. Að geta samið lag. Að geta þekkt nótur.

Námsefni

Hljóðfæri, ukulele og ýmislegt lagt til af kennara, Ipad.

Kennsluhættir

Innlögn kennara, einstaklingsvinna, para- og hópavinna.

Námsmat

Verkefni og virknimat.

Hæfniviðmið – námsþættir

Tónmennt

- Getur greint og valið hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustun.
- Getur tekið þátt í samspili eða samsöng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti fyrir áheyrendur og skrásett það.

- Getur beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra.
- Getur notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð – eða tónverk.
- Getur greint að einhverju marki, metið og endurskoðað eigin sköpunarverk og skólasystkina sinna í tónlist af sanngirni.
- Getur greint ólíkar stíltegundir, myndað sér skoðun á þeim og rökstutt hana.
- Getur greint og útskýrt samhengi tónlistar og ólík tónlistarstílbrigði og tengt við þá menningu sem hann er sprottinn úr.

Menningarläsi

- Getur tekið tillit til annarra í hópavinnu og sýnt frumkvæði.
- Getur hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.
- Getur sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.
- Getur gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans.
- Getur lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.
- Getur útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar.

Bekkjarnámskrá Sjónlistir – 7. bekkur

Skólaárið 2025-2026



Kennari: Silvia Villaverde Björgvinsdóttir

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir á viku (hringekja)

Markmið

Sjónlistir eru í eðli sínu skapandi námsferli. Mikilvæg ferli þar sem nemendur finna innri rödd, mynda tengingar, og þróa leikni í ólíkum nálgunum, s.s. í teikningu, málun, mótun, grafiðtækni, klippiaðferð og skjámiðlum. Að taka þátt í að skapa, greina og njóta listar stuðlar að því að nemendur þjálfast í að upplifa list ásamt því að þróa með sér samkennd, umburðarlyndi og gagnrýnninn skilning á heiminum. Í umræðum um sjónlistir skapast tækifæri til að þjálfra orðaforða myndlistar, samkennd og umburðarlyndi í tengslum við gagnrýna umræðu um upplifun nemenda á völdum listaverkum og eigin verkum. Með því að tengja við eigin reynslu þjálfast nemendur í læsi á eigið umhverfi. Alls staðar í umhverfi okkar er sjónrænt áreiti sem mikilvægt er fyrir nemendur að læra að lesa og greina. Í sjónlistum er unnið með skynjun, greiningu og túlkun sem veitir nemendum forsendur til að tjá það sem þeir horfa á, heyra það sem þeir hlusta á, finna það sem þeir snerta og skapa út frá reynslunni á persónulegan hátt.

Námsefni

- „Listasaga frá Hellalist til 1900“, Halldór Björn Rúnólfsson, (Námsgagnastofnun)
- „Myndmennt I og II“, (Námsgagnastofnun)
- „Kveikjur fyrir skapandi skólastarf“, Vigðís Hlíf Sigurðardóttir, (Menntamálasöfnun)
- „Ég sé með Teikningu“, Björg Eiríksdóttir, (Menntamálastöfnun) .
- „Ísabrot“, Joklar í íslenskri myndlist- (Listasafn Íslands) .
- Ljósritun og efni frá kennara og kennslumyndbönd frá upplýsingarmiðlum.

Pappír og efni til myndgerðar. Ýmsar tegundir teikniáhalds t.d. teikniblýantar, kol, krítar og penslar, hringfarar og reglustikur, trélitir og tússlitir, málningu og leir. Verkfæri til leirmótunnar og glerungar.

Kennsluhættir

Bein kennsla, nemendur vinna sjálfstætt. Innlögn kennara, kennari sýnir dæmi/sýnishorn, einstaklings og hópaverkefni: nemendur vinna saman í hóp eftir fyrirmælum kennara.

Námsmat

Námsmat verður í formi símats þar sem ekki er aðeins gefið fyrir þau verkefni nemandinn vinnur, heldur virkni nemandans í tímum; sjálfstæði, sköpun, vandvirkni og umgengni. Samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrá.

Hæfniviðmið – námsþættir

Sköpun

- Getur notað mismunandi efni, verkfæri, miðla og tækni, á skipulagðan hátt í eigin sköpun.
- Getur nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.
- Getur byggt eigin listasköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknnum og reynslu.
- Getur unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk.

Greining og úrvinnsla

- Getur tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu.
- Getur fjallað um eigin verk og annarra í samtali við aðra nemendur.
- Getur greint og fjallað um listaverk og áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu.
- Getur beitt hugtökum og heitum frumþátta og lögmála myndlistar sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.

Menning og umhverfi

- Getur gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.

- Getur greint, borið saman og metið aðferðir við gerð margs konar listaverka.
- Getur þekkt og gert grein fyrir völdum verkum íslenskra og erlendra listamanna, lýst þeim og greint og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinna verka.

Bekkjarnámskrá Heimilisfræði – 7. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Björk Sverrisdóttir

Tíma fjöldi: 2 tímar á viku

Markmið

Að lesa og skilja uppskriftir, tileinkar sér mismunandi baksturs og eldunaraðferðir. Efli eigið öryggi við matreiðslu. Mikilvægi hreinlætis í matreiðslu og eldhúsi td. uppþvottur meðhöndlun hráefnis, borðklútar og diskapurrkur.

Hvaða hlutverk vítamín, steinefni og orkuefni hafa. Nöfn allra fæðuflokkanna í fæðufringnum og og hversu mikivægt er að borða fjölbreytta fæðu.

Geri sér grein fyrir að matvörur innihalda mismunandi næringarefni, mismunandi geymslu staðir og hvað bera að hafa í huga viðvöru innkaup. Hlutverk próteina (dýraríki) og kolvetna (jurtaríki) og skiptingu þeirra. Hlutverk örvera gagnlegrar og skaðlegra.

Námsefni

Gott og gagnlegt 3, Gott og gagnlegt 3 og efni frá kennara

Kennsluhættir

Sýni, verkleg og bókleg kennsla

Námsmat

Símat

Hæfniviðmið – námsþættir

Verklag

- Getur matreitt einfaldar og hollar máltíðir út frá ráðleggingum um mataræði frá embætti landlæknis.
- Getur unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld og skilið gildi viðeigandi frágangs.
- Getur greint frá helstu orsökum slysa við eldhússtörf og hvernig má koma í veg fyrir þau.

Lífshættir

- Getur tjáð sig um heilbrigða lífshætti eins og næringu, hreyfingu og svefn.
- Getur skilið og tjáð sig á einfaldan hátt um aðalatriði ráðlegginga um mataræði frá embætti landlæknis.
- Getur öðlast færni í hreinlæti og þrifum tengdu matreiðslu.
- Getur gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald.

Menning og umhverfi

- Getur sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við jafnrétti og sjálfbærni og áttað sig á uppruna helstu matvæla.
- Getur skilið mismunandi umbúðamerkingar og þekki helstu geymsluaðferðir.
- Getur tjáð sig um þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð.
- Getur áttað sig á gildi þess að neyta matvæla með sem minnst kolefnisspor.